## Bæn og Faðir vor

Sofðu, unga ástin mín,
– úti regnið grætur.
Mamma geymir gullin þín,
gamla leggi og völuskrín.
Við skulum ekki vaka um dimmar nætur.

Það er margt sem myrkrið veit,
– minn er hugur þungur.
Oft ég svarta sandinn leit
svíða grænan engireit.
Í jöklinum hljóða dauðadjúpar sprungur.

Sofðu lengi, sofðu rótt,
seint mun bezt að vakna.
Mæðan kenna mun þér fljótt,
meðan hallar degi skjótt,
að mennirnir elska, missa, gráta og sakna.

*Jóhann Sigurjónsson / íslenskt þjóðlag*

## Moldun



*Heyr mín bæn*

*Ólafur Gaukur / Mario Panzeri*

## Blessun

## Eftirspil

*Kærleiksvísan*

*Valgeir Skagfjörð / Sara D. Finer*



Prestur: Sr. Bolli Pétur Bollason
Gítar: Guðmundur Pétursson
Söngur: Ragnheiður Gröndal

**Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar að athöfn lokinni í safnaðarsal kirkjunnar**

Bálför fer fram síðar

HARPA
ÚTFARARSTOFA

Prentun: Litróf

# Sigríður Bjarnadóttir

Fædd 1. mars 1945
Dáin 8. desember 2025



Útför frá Hjallakirkju
föstudaginn 19. desember 2025

# Forspil

*Kvæðið um fuglana*

*Davíð Stefánsson / Atli Heimir Sveinsson*

# Bæn

*Ég þakka*

*Ragnheiður Gröndal*

# Ritningarlestur

*Með þér*

*Bubbi Morthens*

# Guðspjall



Ég sat um kvöld og horfði hátt
á himinblámans djúp
og augun drógust draemt í kaf
í dimman næturhjúp.
Ég vildi horfa húmið burt
og heiðið bak við sjá.
Og ef til vill var augasteinn minn
óskasteinn þá.

Þá kviknaði allt í einu snöggt
á undralampans kveik.
Og sjá, hin björtu blysin Guðs
sér brugðu í fagran leik.
Þau þutu víða vegu geims
og vóðu blámans hyl
og leifturhraðar litasveiflur
lýstu jarðar til.

Ég vildi sigra sortans mátt
og sjá í gegnum hann
því einhver þrá til æðra lífs
í æðum mínum brann.
Ég þráði meira, meira ljós
í mína veiku sál;
ég þráði glóð frá Guði sjálfum,
glóð sem væri ei tál.

Að lýsa þeirra Drottins dýrð
ei dauðleg tunga kann,
en helga nálægð himinsins
mitt hjarta þegar fann.
Og lúin sál mín lagðist þar
við lífsins bjarta ós,
og svalg á einu augnabliki
öll þau norðuljós.

Þá barnið hló í brjósti mér
og birtan varð mín hlíf.
Ég heyrði Drottins hjarta slá,
þá hvarf mér dauði og líf.
Ég sá við undralampans ljós
á leifturhraða ferð;
úr ótal slíkum augnablikum
eilífðin er gerð.

*Jóhannes úr Kötlum / Magnús Þór Sigmundsson*





# Minningarorð

Mamma, ertu vakandi mamma mín?
Mamma, ég vil koma til þín.
Ó mamma, gaman væri að vera stór.
Þá vild' ég stjórna bæði hljómsveit og kór.

Mamma, þú ert elskuleg mamma mín,
mér finnst gott að koma til þín.
En mamma, áðan dreymdi mig draum um þig.
En datt þá fram úr og það truflaði mig.

Þú vars drottning í hárri höll.
Hljómsveitin! Álfar, menn og tröll,
lék þér og söng í senn, hún var svo storfengleg.
Tröllin þau börðu á bumburnar.
Blómálfar léku á flauturnar.
Fiðlurnar menskir menn, á mandolin ég.

Allir mændum við upp til þín.
Eins og blóm þegar sólin skín.
En þínum faðmi frá, gjafir flugu um allt.
Flestum gekk vel að grípa sitt.
Glaður náði ég fjótt í mitt.
En stóll er steig ég á, stóð tæpt svo hann valt.

Mamma, þú ert elskuleg mamma mín,
mér finnst gott að koma til þín.
En mamma, gaman væri að vera stór.
Þá vild' ég stjórna bæði hljómsveit og kór.

*Freymóður Jóhannsson*



